

Ársskýrsla Vinnumálastofnunar vegna

Fæðingarorlofssjóðs

2024



VINNUMÁLA
STOFNUN

VINNUMÁLASTOFNUN

Ársskýrsla Vinnumálastofnunar
vegna Fæðingarorlofssjóðs 2023

Útgefandi:
Vinnumálastofnun

Ritstjóri:
Þórdís Helga Benediktsdóttir

Hönnun kápu:
Kría hönnunarstofa

Ársskýrsla Vinnumálastofnunar vegna

Fæðingarorlofssjóðs

2024



VINNUMÁLA
STOFNUN

Ársskýrsla Vinnumálastofnunar vegna Fæðingarorlofssjóðs

Fæðingarorlofssjóður er í vörslu Vinnumálastofnunar sem sér um reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins og greiðslu fæðingarstyrks í umboði félags- og húsnæðismálasráðherra. Fæðingarorlofssjóður er á réttindasviði Vinnumálastofnunar og er staðsettur á Hvammstanga. Á starfsstöðinni starfa 15 manns, þar af tilheyra 13,5 stöðugildi verkefnum sjóðsins. Forstöðumaður Fæðingarorlofssjóðs er Þórdís Helga Benediktsdóttir.

Með 7. mgr. 6. gr. laga nr. 144/2020, um fæðingar- og foreldraorlof, var í fyrsta skipti kveðið á um að Vinnumálastofnun skuli vinna skýrslu árlega um nýtingu réttinda samkvæmt lögunum. Lögin öðluðust gildi 1. janúar 2021 og eiga við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2021 eða síðar.

Vinnumálastofnun hefur nú í fjórða skipti unnið slíka skýrslu og naut við það aðstoðar Ph.D. Ásdísar Aðalbjargar Arnalds, forstöðumanns við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Virðingarfyllst,

f.h. Vinnumálastofnunar / Fæðingarorlofssjóðs



Unnur Sverrisdóttir / Þórdís Helga Benediktsdóttir



Sjálfstæður réttur foreldra til töku fæðingarorlofs

Sögulegt yfirlit

Árið 2000 voru lög nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof samþykkt á Alþingi. Helstu nýmæli í löggjöfinni voru: a) Orlofið var lengt (í áföngum) í níu mánuði þar sem hvort foreldri hafði sjálfstæðan, óframseljanlegan rétt til þriggja mánaða og þremur mánuðum gátu foreldrar skipt að vild. b) Löggjöfin fól í sér sveigjanleika þar sem töku fæðingarorlofs mátti dreifa á 18 mánuði (sem síðar var lengt í 36 mánuði og loks stytt í 24 mánuði). Foreldrar gátu verið saman í orlofi allan tímann eða hluta hans og unnt var að vera í hlutavinnu og hlutaorlofi. c) Þátttakendur á vinnumarkaði fengu greiðslur sem námu 80% af meðallaunum. Ákveðið gólf var á greiðslum (þ.e. ef 80% fer undir ákveðið mark eru greiðslur hækkaðar) en ekkert þak var á greiðslum. Árið 2004 var þak sett á greiðslur. d) Greiðslur til foreldra í námi, foreldra sem ekki voru í vinnu og foreldra sem voru í lægra en 25% starfshlutfalli voru í formi fæðingarstyrks.

Í nær 20 ár var réttur foreldra samtals 9 mánuðir en árið 2019 samþykkti Alþingi lög nr. 149/2019 þar sem orlofið var lengt í 10 mánuði með skiptingunni 4-4-2 fyrir foreldra barna sem fæddust á árinu 2020 og 12 mánuðir fyrir foreldra barna sem myndu fæðast 1. janúar 2021 og síðar. Um skiptingu þeirra tveggja mánaða sem þá myndu bætast við skyldi kveðið á um í frumvarpi til laga.

Gildandi löggjöf

Ári síðar var frumvarp til laga nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof samþykkt á Alþingi þar sem orlofið var lengt í 12 mánuði. Með löggjöfinni varð réttur hvors foreldris 6 mánuðir en hvort foreldri um sig getur fært sex vikur af eigin rétti til hins foreldrisins. Rétturinn fellur niður þegar barn nær tveggja ára aldri.

Tafla 1 sýnir lengd sjálfstæðs réttar hvors foreldris og þær breytingar sem urðu á lengd orlofsins árið 2021 þegar sameiginlegur réttur var lagður niður en þess í stað varð hluti orlofsréttar framseljanlegur.

Tafla 1. Lengd sjálfstæðs réttar til töku fæðingarorlofs.

	Sjálfstæður réttur annars foreldris	Sjálfstæður réttur hins foreldris	Sameigin- legur réttur	Framseljan- legur réttur
Löggjöfin frá 2000 - 2019	3	3	3	
Löggjöfin árið 2020	4	4	2	
Löggjöfin árið 2021	6	6	-	1,5 mánuður hvort foreldri

Markmið laganna er sem fyrr að tryggja barni samvistir við báða foreldra og að gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu og atvinnulíf.

Fjöldi daga sem nýttur er af mæðrum og feðrum

Sjálfstæður, óframseljanlegur réttur feðra til fæðingarorlofs var innleiddur í áföngum. Árið 2001 var réttur þeirra einn mánuður, tveir mánuðir árið 2002 og þrír mánuðir árið 2003. Allt frá því lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 öðluðust gildi hefur mikill meirihluti feðra nýtt rétt sinn til töku fæðingarorlofs. Strax fyrsta árið nýttu 82% feðra rétt sinn til fæðingarorlofs og flest árin fram til ársins 2020 hefur hlutfallið verið rétt undir 90% ef frá eru talin árin eftir efnahagshrun, þegar þak á greiðslum var sem lægst.


Nú liggja fyrir endanlegar tölur vegna fæðingaráranna 2021 og 2022 en árið 2021 var fyrsta árið sem foreldrar gátu tekið sinn rétt samkvæmt lögum nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof. Varast ber að rýna of mikið í tölur fyrir árin 2023 og 2024 þar sem foreldrar hafa tvö ár til að nýta rétt sinn. Það er ljóst að hlutfall feðra barna fædd 2023 og 2024, sem fullnýta ekki óframseljanlegan rétt sinn, á eftir að lækka og sömuleiðis á hlutfall umsókna frá feðrum sem hlutfall umsókna frá mæðrum eftir að hækka.

Mynd 1 sýnir að meðalfjöldi daga sem nýttur er af feðrum er mjög í takt við óframseljanlegan rétt þeirra. Þannig nýttu þeir t.d. að meðaltali 39 daga þegar réttur þeirra var einn mánuður árið 2001 en 97 dagar þegar þeir höfðu öðlast rétt til þriggja mánaða árið 2003. Árið 2020 var óframseljanlegur réttur feðra lengdur í fjóra mánuði og óframseljanlegur réttur feðra barna fædd 2021 var 4,5 mánuður. Meðalfjöldi daga, sem nýttur er af feðrum, hefur aukist við þessar breytingar. Við það að óframseljanlegur réttur feðra jókst úr þremur í fjóra mánuði árið 2020 jókst nýting þeirra úr 91 í 115 daga, að meðaltali. Óframseljanlegur réttur feðra varð 4,5 mánuðir árið 2021. Meðalfjöldi daga nýttur af feðrum árið 2022 var 131 dagar. Þannig var meðalnýting feðra af óframseljanlegum rétti þeirra fæðingarárið 2022 rúmlega 97% en 96% fæðingarárið 2020. Fæðingarárin 2003-2019 var meðalnýting feðra aftur á móti 103% (tóku þannig hluta af sameiginlegum rétti foreldra) en 98% ef einungis er miðað við fæðingarárin 2010-2016 þegar þak á greiðslum í fæðingarorlofi var lægst. Myndin sýnir þannig glögglega að mæður hafa yfirleitt nýtt sameiginlegan rétt foreldra og þann rétt sem hægt er að framselja.

Þá sýnir mynd 1 að hlutfall umsókna feðra af umsóknum mæðra, sem nýttu sér rétt til fæðingarorlofs, vegna fæðingarársins 2022 er 80% en 78% vegna fæðingarársins 2020. Fæðingarárin 2003-2019 var hlutfallið aftur á móti 85% en lækkar í 80% ef einungis er miðað við fæðingarárin 2010-2016 þegar þak á greiðslum í fæðingarorlofi var lægst.

Loks sýnir mynd 1 að fæðingarárið 2022 var hlutfall feðra sem fullnýttu ekki óframseljanlegan rétt sinn 40% en 33% vegna fæðingarársins 2020. Fæðingarárin 2003-2019 var hlutfallið aftur

á móti 27% en hækkar í 38% ef einungis er miðað við fæðingarárin 2010-2016 þegar þak á greiðslum í fæðingarorlofi var lægst.



Ath. Óframseljanlegur réttur feðra var 3 mánuðir árin 2003-2019, 4 mánuðir árið 2020 og 4,5 mánuður árið 2021. *Bráðabirgðatölur fyrir 2023 og 2024

Mynd 1. Fæðingarorlofsnýting mæðra og feðra 2001-2024.

Tafla 2 sýnir hlutfall foreldra sem hafa framselt rétt sinn til hins foreldrisins fyrir fæðingarárin 2021-2024. Árið 2022 bárust 4384 umsóknir um fæðingarorlof og var sjálfstæður réttur færður yfir á hitt foreldrið í 3223 tilfella (74%). Eins og sjá má í töflu 2 er sjálfstæður réttur undantekningalítið færður til móður.


Tafla 2. Framsal á sjálfstæðum rétti 2021-2024.

	2021			2022			2023*			2024*		
	Fjöldi	% af fjölda umsókna	% af framsali	Fjöldi	% af fjölda umsókna	% af framsali	Fjöldi	% af fjölda umsókna	% af framsali	Fjöldi	% af fjölda umsókna	% af framsali
Framsal til föður	214	4%	6%	168	4%	5%	139	3%	4%	101	2%	3%
Framsal til móður	3243	67%	94%	3055	70%	95%	3049	72%	96%	2842	66%	97%
Framsal - heild	3457	71%		3223	74%		3188	75%		2943	69%	
Fjöldi umsókna um fæðingarorlof	4831			4384			4251			4277		


*Bráðabirgðatölur

Myndir 2, 3 og 4 sýna hlutfall framsals á sjálfstæðum rétti, greint eftir aldri mæðra og feðra. Lítil munur var á því hvort foreldrar framseldu rétt sinn eftir aldri föður en aftur á móti hefur


verið munur á hlutfalli framsals eftir aldri móður. Á mynd 2 sést að árið 2022 var hlutfall framsals til mæðra yngri en 25 ára lægra en ef um var að ræða mæður 25 ára eða eldri. Þetta er síðan að breytast árið 2023 þar sem munurinn er lítill hvort sem um er að ræða feður eða mæður. Þó þarf að hafa í huga að um bráðabirgðaniðurstöður er að ræða fyrir árin 2023 og 2024 og skal niðurstöðum því tekið með fyrirvara.



Mynd 2. Framsal á sjálfstæðum rétti 2022, greint eftir aldri móður og föður.




Mynd 3. Framsal á sjálfstæðum rétti 2023, greint eftir aldri móður og föður.




Mynd 4. Framsal á sjálfstæðum rétti 2024, greint eftir aldri móður og föður.

Mynd 5 sýnir meðaltals nýtingu feðra eftir því hvort þeir fá launatengdar greiðslur eða fæðingarstyrk. Myndin sýnir að nýting hefur almennt verið minnst meðal starfsmanna og þeirra sem hafa fengið fæðingarstyrk utan vinnumarkaðar. Þetta hefur verið að taka breytingum í gegnum árin en árið 2020 jókst nýting meðal þeirra sem fengu fæðingarstyrk utan vinnumarkaðar og árið 2021 jókst nýting meðal starfsmanna en fór lækkandi meðal þeirra sem hafa fengið fæðingarstyrk námsmanna.




Mynd 5. Meðalfjöldi daga nýttur af feðrum árin 2007-2024, greindur eftir tegund orlofs.

Mynd 6 sýnir meðaltals nýtingu mæðra, eftir því hvort þær fengu launatengdar greiðslur eða fæðingarstyrk. Nýtingin er lægst meðal þeirra sem hafa fengið fæðingarstyrk utan vinnumarkaðar en mæður sem fá launatengdar greiðslur nýta flesta daga, að meðaltali.




Mynd 6. Meðalfjöldi daga nýttur af mæðrum árin 2007-2024, greindur eftir tegund orlofs.

Mynd 7 sýnir að af þeim feðrum sem fá fæðingarorlof starfsmanna hafa yngstu feðurnir, þ.e. þeir sem eru yngri en 25 ára, almennt nýtt flesta daga að meðaltali fram til ársins 2022. Þó hefur dregið saman með aldurshópunum undangengin ár og frá árinu 2019 hefur verið lítill sem enginn munur á dagafjölda nýttur af feðrum eftir aldri þeirra.




Mynd 7. Meðalfjöldi daga nýttur af feðrum með launatengdar orlofsgreiðslur árin 2007-2024, greindur eftir aldri feðra.

Lítill sem enginn aldursmunur var á meðallengd orlofs meðal mæðra sem fengu fæðingarorlof starfsmanna á árunum 2007-2024. Mæður nýttu ríflega 180 daga að meðaltali fram til ársins 2021, óháð aldri. Árið 2021 nýttu mæður tæplega 220 daga að meðaltali, óháð aldri. Bráðabirgðatölur sýna þó að frá árinu 2022 nýta mæður sem eru 35 ára og eldri ívið fleiri daga að meðaltali en yngri mæður (sjá mynd 8).



Mynd 8. Meðalfjöldi daga nýttur af mæðrum með launatengdar orlofsgreiðslur árin 2007-2024, greindur eftir aldri mæðra.

Myndirnar hér að framan sýna meðaltalsnýtingu foreldra sem á annað borð nýta eitthvað fæðingarorlof. Gögn Fæðingarorlofssjóðs veita takmarkaðar upplýsingar um feður sem ekki nýta orlof, þar sem þeir hafa ekki sótt um greiðslur úr sjóðnum. Þó er unnt að greina hlutfall feðra sem ekki nýta rétt sinn eftir einkennum mæðra, t.d. aldri þeirra. Mynd 9 sýnir að frá 2007, að 2019 undanskildu, eru minnstar líkur á að feður nýttu rétt til fæðingarorlofs ef móðir var yngri en 25 ára.




Mynd 9. Hlutfall feðra sem ekki nýta rétt sinn til fæðingarorlofs eftir aldri móður.¹

Tengsl fæðingarorlofsnýtingar og tekna

Þegar lögin voru sett árið 2000 var ekkert þak á greiðslum til foreldra í fæðingarorlofi. Árið 2004 var þaki komið á greiðslur en þakið var það hátt að einungis lítill hluti mæðra og feðra rákust í það. Fæðingarárið 2005 voru einungis 7% feðra og 2% mæðra með tekjur yfir þaki á greiðslur. Þakið var síðan lækkað verulega vegna efnahagskreppunnar sem skall á haustið 2008. Við árslok 2009 var þakið komið niður í 350 þúsund krónur en hafði verið 536 þúsund krónur ári áður. Myndin sýnir að við það að þak á greiðslur lækkaði, jókst til muna hlutfall foreldra sem var með tekjur yfir þakinu, og þá sérstaklega hlutfall feðra, sem að jafnaði eru með hærri tekjur en mæður. Þakið stóð í stað frá 2019 til 1. apríl 2024 en þá hækkaði það í 700 þúsund


¹ Ósamræmi milli myndar 1 og 9 stafar af því að á mynd 9 er notast við þöruð gögn. Gögnin voru þöruð á grundvelli umsóknarnúmers barns. Með þöruðum gögnum er hér átt við að einungis eru greindar upplýsingar um feður þeirra barna sem áttu móður sem nýttu orlof.

krónur hjá þeim foreldrum sem áttu ótekið fæðingarorlof á því tímamarki. Um nýbreytni var að ræða við hækkun á þakinu en fram að þessari breytingu höfðu hækkanir í öll skipti nema eitt² átt við um foreldra barna sem fædd voru 1. janúar eða síðar. Þakið hækkaði síðan í 800 þúsund krónur með börnum fæddum frá og með 1. janúar 2025. Þakið mun síðan hækka í 900 þúsund krónur með börnum fæddum frá og með 1. janúar 2026. Má segja að vegna verðbólgu hefur hlutfall mæðra og feðra með tekjur yfir þaki á greiðslur aukist síðustu ár.




Mynd 10. Meðaltekjur mæðra og feðra, upphæð þaks á greiðslur og hlutfall mæðra og feðra sem eru yfir þaki á greiðslur árin 2005-2024.

Nokkur tengsl eru á milli tekna og fæðingarorlofsnýtingar. Þar sem Fæðingarorlofssjóður hefur einungis upplýsingar um tekjur þeirra foreldra á vinnumarkaði sem sótt hafa um greiðslur í fæðingarorlofi sýnir mynd 11 einungis orlofsnýtingu hjá þessum hópi feðra. Myndin sýnir að fram að efnahagshruni var tiltölulega lítill munur á orlofslengd feðra eftir því hvaða tekjuhópi þeir tilheyrðu. Þetta breyttist eftir að þak á greiðslur var lækkað í kjölfar hrunsins. Munur milli tekjuhópa jókst og feður með tekjur í hæsta fjórðungi fóru frá því að nýta flesta daga að meðaltali í það að nýta fæsta daga og þannig hefur það verið síðan.



Mynd 11. Tengsl fæðingarorlofsnýtingar feðra og tekna (í fjórðungum) árin 2007-2024.

Mynd 12 sýnir samskonar greiningu fyrir mæður. Þar sést að mæðurnar í lægsta tekjufjórðungnum nýttu fæsta daga að meðaltali. Þannig er töluverður munur á tengslum fæðingarorlofsnýtingar og tekna eftir því hvort um mæður eða feður er að ræða. Á meðan feður í lægsta tekjufjórðungnum hafa nýtt flesta daga að meðaltali, undangengin 10 ár, nýta mæður í lægsta tekjufjórðungnum að meðaltali færri daga en mæður í öðrum, þriðja og fjórða tekjufjórðungi. Myndin sýnir að þessi munur á milli mæðra í lægsta tekjufjórðungnum og annarra mæðra hefur aukist með tilkomu gildandi laga frá árinu 2021.



Mynd 12. Tengsl fæðingarorlofsnýtingar mæðra og tekna (í fjórðungum) árin 2007-2024.

Tilfærsla réttinda

Sögulegt yfirlit

Í lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 var aðeins ein undantekning frá þeirri reglu að þeir þrír mánuðir sem bundnir eru öðru foreldri væru óframseljanlegir. Þessi undantekning var a) ef annað foreldri andast áður en það hafði fullnýtt rétt sinn. Þá færðist það sem eftir var á hitt foreldrið.

Með lögum nr. 74/2008 var þessi réttur rýmkaður. b) Ef foreldri andast á meðgöngu og barnið fæðist lifandi hefur eftirlifandi foreldri rétt á níu mánuðum. c) Foreldri sem er ófært um að annast barnið á fyrstu 18 mánuðum þess vegna sjúkdóms, afleiðingar slyss eða d) afplánunar refsivistar má framselja sinn rétt til hins foreldrisins. Þetta á við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá eða ekki. Heimilt er að veita undanþágu frá samþykki ef foreldrið er ófært um að veita slíkt. Með lögum nr. 143/2012 fengu e) einhleypar konur sem fengið höfðu tæknifrjövgun og einhleypir sem ættleiða rétt til 9 mánaða orlofs.

Gildandi löggjöf

Meginbreytingin sem varð með lögum nr. 144/2020, að frátalinni lengingu orlofsins í 12 mánuði er fólgin í því undir hvaða kringumstæðum eitt foreldri getur fengið að nýta 12 mánuði til viðbótar þeim kringumstæðum sem fjallað er um í sögulegu yfirliti hér að framan. Þannig á nú foreldri að auki rétt á allt að 12 mánaða fæðingarorlofi: f) Ef foreldrið er ekki fært um að uppfylla skyldur sínar til að feðra barn sitt; g) Ef foreldri er gert að sæta nálgunarbanni gagnvart barni sínu eða hinu foreldrinu og/eða brottvísun af heimili. h) Ef foreldri á hvorki rétt til fæðingarorlofs eða -styrks hérlandis né sjálfstæðan rétt í öðru ríki. i) Ef forsjárlaus foreldri hefur ekki umgengni við barnið á grundvelli niðurstöðu lögmæts stjórnvalds eða dómstóla eða ef fyrir liggur niðurstaða lögmæts stjórnvalds eða dómstóla um að umgengni forsjárlaus foreldrisins skuli vera verulega takmörkuð, svo sem undir eftirliti.

Tafla 3 sýnir að hlutfall þeirra sem færa réttindi sín til hins foreldrisins hefur aukist frá árinu 2011 og sérstaklega með tilkomu nýju laganna sem ná til foreldra barna fædd 2021 til 2024. Er það fyrst og fremst vegna þess að nokkur hluti foreldra hafa haft tök á að nýta alla 12 mánuðina vegna réttindaleyfis hins foreldrisins sem ekki var mögulegt í eldri lögum.

Tafla 3. Fjöldi sem framselur sjálfstæðan rétt til töku fæðingarorlofs og ástæða tilfærslu árin 2011-2024.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023*	2024*
Möguleikar á tilfærslu frá 2008														
Andlát hins foreldris á meðgöngu											2			
Andlát maka	1	4	3	2	2	5	2	3	1		3	2	1	
Eitt foreldri		2	18	18	18	20	22	32	48	38	38	67	59	42
Fangelsisvist		2	2	1				2	1	1		1		
Sjúkdómar eða slys	1	4	6	4	5	1	6	10	5	5	15	14	7	6
Möguleikar á tilfærslu frá 2021														
Nálgunarbann												1		
Ófeðrað barn											2	1	2	3
Forsjárlaust foreldri með skerta/enga umgengni											1			
Réttindaleyfi hins foreldris											23	35	24	20
Heildarfjöldi tilfærslna	2	12	29	25	25	26	30	47	55	44	84	119	93	71
Heildarfjöldi umsókna	4529	4540	4306	4355	4082	4003	4079	4274	4498	4551	4887	4431	4326	4352
Hlutfall tilfærslna af fjölda umsókna	0,0%	0,3%	0,7%	0,6%	0,6%	0,6%	0,7%	1,1%	1,2%	1,0%	1,7%	2,7%	2,1%	1,6%

*Bráðabirgðatölur

Dvalarstyrkur


Samkvæmt X. kafla laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020 getur barnshafandi foreldri sótt um sérstakan styrk vegna skerts aðgengis að fæðingarþjónustu þegar sérfræðilæknir foreldris metur það nauðsynlegt að barnshafandi foreldri dvelji fjarri heimili sínu í tengslum við nauðsynlega þjónustu vegna fæðingar barns, svo sem vegna fjarlægðar, færðar, óveðurs, verkfalls eða áhættumeðgöngu. Heimilt er að greiða foreldrinu sérstakan styrk í allt að 14 daga fyrir áætlaðan fæðingardag barns en allt að 28 daga sé um fjölburameðgöngu að ræða, sem og þá daga sem meðganga varir fram yfir áætlaðan fæðingardag, enda dvelji foreldri fjarri heimili sínu þá daga sem um ræðir. Dvöl barnshafandi foreldris á sjúkrahúsi eða heilbrigðisstofnun telst ekki hluti af tímabilinu. Fæðist barn fyrir áætlaðan fæðingardag fellur réttur foreldris niður frá og með fæðingardegi barns. Réttur til styrksins fellur niður sex mánuðum eftir fæðingardag hafi umsókn ekki borist fyrir þann tíma.

Tafla 4 sýnir fjölda þeirra sem fengu dvalarstyrk á árunum 2021 til 2024, heildarfjölda daga sem voru greiddir og hversu margir dagar voru afgreiddir að meðaltali. Hafa ber í huga að enn er hægt að sækja um vegna barna sem fæðst hafa í síðustu mánuðum ársins 2024 og því geta þær tölur tekið breytingum.

Tafla 4. Fjöldi barnshafandi foreldra sem fengu afgreiddan dvalarstyrk á árunum 2021-2024.

	Fjöldi barnshafandi foreldris	Dagar	Dagar að meðaltali
2021	59	850	14
2022	65	818	13
2023	97	1.185	12
2024*	96	1.223	13

Mynd 13 sýnir hvernig dvalarstyrkur hefur dreifst árin 2021 til 2024 eftir landshlutum. Stærsti hluti þeirra sem fá afgreiddan dvalarstyrk eru að koma frá Vestmannaeyjum, Höfn í Hornafirði, Egilsstöðum og Patreksfirði. Á þessum stöðum er ekki um fæðingarþjónustu að ræða og vegalengdir geta verið langar í nauðsynlega þjónustu.



Mynd 13. Skipting dvalarstyrks eftir landshlutum árin 2021-2024.

Foreldraorlof

Samkvæmt XI. kafla laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020 skal foreldri eiga rétt á foreldraorlofi í fjóra mánuði til að annast barn sitt. Réttur til töku foreldraorlofs fellur niður við átta ára aldur barns með þeirri undantekningu ef barn greinist síðar með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun áður en það verður fullra 18 ára. Vinnumálastofnun skal berast afrit tilhögunar foreldraorlofs milli vinnuveitanda og starfsmanns. Foreldraorlofi fylgir ekki réttur til greiðslu launa úr Fæðingarorlofssjóði.


Tafla 5 sýnir fjölda einstaklinga og tekna daga að meðaltali árin 2022, 2023 og 2024. Á árinu 2022 voru 9 einstaklingar sem nýttu sér rétt til töku foreldraorlofs, einn faðir og átta mæður. Að meðaltali tóku feður 30 daga og mæður 64,6 dag. Árið 2023 nýttu tveir feður sér rétt sinn til foreldraorlofs og 10 mæður og var meðaldagafjöldi föður 90 dagar en mæðra 73 dagar. Árið 2024 nýttu 10 mæður rétt sinn til foreldraorlofs og var meðal dagafjöldi 73 dagar.

Tafla 5. Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér rétt til foreldraorlofs árin 2022, 2023 og 2024.

2022		
	Fjöldi einstaklinga	Meðaltal daga
Karlar	1	30
Konur	8	64,6
2023		
	Fjöldi einstaklinga	Meðaltal daga
Karlar	2	90
Konur	10	73
2024		
	Fjöldi einstaklinga	Meðaltal daga
Karlar	-	-
Konur	10	92,2

Stafvæðing Fæðingarorlofssjóðs

Árið 2021 hófst vinna við að stafvæða umsóknarferli Fæðingarorlofssjóðs í samvinnu við Stafrænt Ísland og var opnað fyrir stafrænar umsóknir í byrjun árs 2022 Jafnt og þétt hefur stafrænu umsóknunum fjölgað en árið 2022 bárust 4457 umsóknir í gegnum nýja umsóknarferlið, árið 2023 bárust 6825 umsóknir og árið 2024 bárust 7035 umsóknir. Mynd 14 sýnir hlutfall umsókna sem bárust í gegnum stafræna umsóknaferlið frá janúar 2022 til og með desember 2024 en það hefur hækkað úr rúmlega 10% í janúar 2022 en frá miðju ári 2023 hafa umsóknir sem berast í gegnum stafræna umsóknarferlið verið um og yfir 90%.



Mynd 14. Hlutfall fjölda umsókna sem bárust í gegnum stafrænt umsóknarferli, janúar 2022 til desember 2024.



Júlí 2025